

**Kjarasamningur
milli
Norðuráls Grundartanga ehf. annars vegar
og
Félags iðn- og tæknigreina, Verkalýðsfélags Akraness, Stéttarfélags Vesturlands, VR og
Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga hins vegar**

**1. gr.
Vinnutími og vaktavinna**

Dagvinna

Samningsaðilar munu vinna sameiginlega að því markmiði að vinnutími dagvinnumanna styttest. Bætt skipulag og nýting vinnutíma og sveigjanleg hlé sem henta starfseminni getur skilað sér í styttri viðveru á vinnustað með sama vinnuframlagi. Sjá nánar bókun um styttingu vinnutíma dagvinnumanna.

Vaktavinna

Samkvæmt kjarasamningi getur vaktavinna verið skipulögð miðað við 8 - 12 klst. vaktir. Vaktavinna í ker- og steypuskála er nú skipulögð m.v. 12 klst. vaktir og fjóra vakthópa. Norðurál mun taka upp 8 klst. vaktakerfi í ker- og steypuskála og kemur það til framkvæmda eigi síðar en í janúar 2022.

Þar sem upptaka 8 klst. vaktakerfis felur í sér að fóst yfirvinna, sem er hluti 12 klst. vaktakerfis, fellur samhliða niður þá er samkomulag um að breytt vinnufyrirkomulag verði tilkynnt vaktavinnuönnum með sex mánaða fyrirvara.

SME 66
LH
DJ

2. gr.
Grunnlaun

Grunnlaun verða frá 1. janúar 2020 :

Launaflokkur	Grunnlaun
112/212	329.958 kr.
113/213	347.527 kr.
114	371.810 kr.
115/215	397.949 kr.
116/216	428.945 kr.
117/217	446.086 kr.

Orlofsuppbót 2020 verður 233.095 kr.

Desemberuppbót 2020 verður 233.095 kr.

Uppgjör samkvæmt nýrri launatöflu frá 1. janúar 2020 nær til þeirra starfsmanna Norðuráls Grundartanga sem eru á launaskrá hjá fyrirtækinu við undirritun kjarasamnings þessa. Sama á við um uppgjör vegna hækkunar orlofsuppbótar.

Grunnlaun verða frá 1. janúar 2021 :

Launaflokkur	Grunnlaun
112/212	349.096 kr.
113/213	367.683 kr.
114	393.375 kr.
115/215	421.030 kr.
116/216	453.824 kr.
117/217	471.959 kr.

Orlofsuppbót 2021 verður 238.923 kr.

Desemberuppbót 2021 verður 238.923 kr.

576
ML
Gut


Bls. 2 af 8

MAA



Grunnlaun verða frá 1. janúar 2022 :

Launaflokkur	Grunnlaun
112/212	369.343 kr.
113/213	389.009 kr.
114	416.191 kr.
115/215	445.450 kr.
116/216	480.146 kr.
117/217	499.332 kr.

Orlofsuppbót 2022 verður 244.896 kr.

Desemberuppbót 2022 verður 244.896 kr.

Grunnlaun verða frá 1. janúar 2023 :

Grunnlaun hækka sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2021 til desember 2022.

Orlofsuppbót og desemberuppbót 2023 taka sömu hlutfallslegu hækkun og grunnlaun.

Grunnlaun verða frá 1. janúar 2024 :

Grunnlaun hækka sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2022 til desember 2023.

Orlofsuppbót og desemberuppbót 2024 taka sömu hlutfallslegu hækkun og grunnlaun.

**3. gr.
Útkall**

Ný grein 2.12.3 orðist svo:

Ef kallað er aftur í útkall eftir að starfsmaður sé komin heim eftir fyrsta útkall fær starfsmaður greidda aðra akstursgreiðslu.

Bls. 3 af 8

MHA

SMC
UH
Eot

4. gr.
Gildistími

9.01.1 Samningur þessi gildir til 31. desember 2024 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 13. október 2020

F.h. stéttarfélaganna

Vinjanum Biquin
Reynir Þóðólfsson

Sigrún Þóðólfsson
Alma Þóðólfsson

Margrét Halldóra Amarsd.
Fróðlyf Þóðólfsson

Vápnir Árnason
Guðbjörg Ární Gylfasen

F.h. Norðuráls Grundartanga ehf.

Anna María
Sigrún Helgadóttir
Fróðlyf Þóðólfsson

Bókun um vinnutímastyttingu dagvinnumanna

Samningsaðilar munu á samningstímabilinu vinna sameiginlega að því markmiði að vinnutími dagvinnumanna styttest. Bætt skipulag og nýting vinnutíma og sveigjanleg hlé sem henta starfseminni getur skilað sér í styttri viðveru á vinnustað með sama vinnuframlagi.

Sérstök samstarfsnefnd stjórnenda og fulltrúa dagvinnumanna mun undirbúa vinnutímastyttingu og fylgja því eftir að markmiðum verði náð.

Af hálfu starfsmanna er samstarfsnefnd þannig skipuð:

- Trúnaðarmenn tilnefna 2 fulltrúa úr sínum röðum
- Trúnaðarmenn skipuleggja val á 1 fulltrúa iðnaðarmanna
- Trúnaðarmenn skipuleggja val á 1 fulltrúa dagvinnumanna (annarra en hér að ofan)

Fyrri skref vinnutímastyttingar dagvinnumanna verður tekið samhliða upptöku 8 klst. vaktakerfis í ker- og steypuskála. Í því felst:

- Vinnudagur styttest um 30 mín. miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga (þegar unnið er).
- Reglur taka gildi um vinnuskil til að bæta nýtingu vinnutíma. Reglurnar geta m.a. falið í sér frávik frá gr. 2.02.1 um tímasetningu matarhlés og sveigjanleika vegna verkefnaskila.

Bætt nýting vinnutíma felst m.a. í vinnuskilum í upphafi og lok dags og sveigjanleika í tengslum við hádegishlé.

Samstarfsnefnd mun meta hvort markmiðum samningsaðila hafi verið náð og gera tillögur um úrbætur ef þurfa þykir.

Ef samstarfsnefnd er sammála um að ásættanlegum markmiðum hafi verið náð og að mögulegt sé að auka enn framleiðni mun síðara skref vinnutímastyttingar koma til framkvæmda. Í því felst:

- Vinnudagur styttest um 30 mín. mánudaga og þriðjudaga. Samstarfsnefnd getur ákveðið að taka þetta skref í áföngum.

Vinnutímastytting hefur ekki áhrif á deilitölu dagvinnutímakaups. Orlofstímar skv. kjarasamningi verða aðlagðir að fækkun tíma pr. orlofsdag.

SMK

UL

Bls. 5 af 8

MMA

Bókun um endurskoðun bónuskerfis

Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða núgildandi fyrirkomulag um hlutdeild í árangri. Samningsaðilar eru sammála að markmið með nýju bónuskerfi sé að það skili að jafnaði 80% af hámarki bónuskerfisins. Markmið endurskoðunar er m.a. að auka vægi markmiða sem hver deild/hópur mun setja sér. Nýtt kerfi taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.

Sérstakri samningsnefnd skipuð fulltrúum starfsmanna og Norðuráls er heimilt að semja um nýtt fyrirkomulag sem taki við af núgildandi kerfi samkvæmt grein 3.14.1 frá og með þeim tíma sem samkomulag næst um. Það verði bindandi fyrir Norðurál og alla starfsmenn, sem kjarasamningur þessi nær til. Í samningnum verði ákvæði um meðferð ágreinings og reglubundna endurskoðun mælikvarða.

Samninganefnd starfsmanna verður þannig skipuð:

- Trúnaðarmenn tilnefna 2 fulltrúa úr sínum röðum
- Trúnaðarmenn skipuleggja val á 4 framleiðslustarfsmönnum í nefndina og skal hvert framleiðsluvæði (kerskáli, steypuskáli og skautsmiðja og 1 frá öðrum framleiðsludeildum) eiga fulltrúa í nefndinni
- Trúnaðarmenn skipuleggja val á 1 fulltrúa iðnaðarmanna
- Trúnaðarmenn skipuleggja val á 1 fulltrúa dagvinnumanna (annarra en hér að ofan)

Samkomulag skal borið undir hlutaðeigandi stéttarfélög. Hafi ekki verið tilkynnt um annað innan fjögurra vikna telst samkomulag samþykkt.

Frá 1. janúar 2021 skal skipa nefnd sem hefur það hlutverk að meta virkni bónuskerfisins. Í nefndina skal skipa tvo fulltrúa frá starfsmönnum valdir af trúnaðarráði og tvo frá fyrirtækinu. Í janúar ár hvert á samningstímanum mun nefndin fara yfir mælikvarða bónuskerfisins. Trúnaðarráðið og Norðurál geta óskað eftir endurskoðun á vissum þáttum bónuskerfisins ef einstaka mælikvarðar bónuskerfisins liggja í nokkra mánuði undir eða yfir 80% viðmiðinu.

Samningsaðilar eru sammála að festa mælikvarða á núverandi umhverfisbónus í 80% frá 1. október 2020 og þar til nýtt bónuskerfi tekur gildi.

Bókun um 8 klst. vaktakerfi

Við upptöku 8 klst. vaktakerfis hjá Norðuráli eru samningsaðilar sammála um eftirfarandi forsendur:

1. Unnið verði með fimm vakthópum.
2. Hver vaktasyrpa hefst á dagvakt kl. 07:30 og lýkur á kvöldvakt.
3. Á hverjum 10 vikum vinnur hver vakthópur 42 vaktir, samtals 336 klst.
4. Auk reglubundinna vakta ber starfsmanni að skila allt að 16 klst. á ári vegna fræðslu eða sambærilegra verkefna. Eftir þriggja ára starf hjá Norðuráli ber að skila 8 klst. á ári. Aukavaktir vegna fræðslu eru teknar á dagvinnutímabili á virkum dögum. Greiddur er ferðatími skv. kjarasamningi vegna mætingar á aukavakt.
5. Vaktaorlof vegna rauðra daga, sbr. 3. mgr. 5.01.1, telst hluti vaktafrís og innifalið í mánaðarlaunum. Það er því ekki veitt sérstaklega í 8 klst. vaktkerfi.

Handwritten signatures and initials:
Cot
lu
SME
MHA
A

6. Ferða-, undirbúnings- og frágangsgreiðsla mun miðast við 19 ferðir á mánuði m.v. fullt mánaðarstarf.
7. Orlof í 8 klst. vaktkerfi er sem hér segir:

Byrjun:	Vaktir að sumri: 18	Vaktir að vetri: 5
Eftir 3 ár:	Vaktir að sumri: 18	Vaktir að vetri: 8
Eftir 5 ár:	Vaktir að sumri: 18	Vaktir að vetri: 9


8. Starfsmaður sem samþykkir að taka aukavakt telst með því jafnframt samþykkja frestun á vikulegum frídegi, ef við á. Ávallt skal veita a.m.k. tveggja daga frí (48 klst. + 11 klst. hvíld) á tveggja vikna tímabili.
9. Til að tryggja nægilega reynslu og þekkingu á hverri vakt verður starfsmönnum á A, B, C og D vöktum raðað inn á nýjar A, B, C, D og E vaktir. Tilkynna skal um niðurröðun á vaktir eigi síðar en fjórum vikum áður en nýtt vaktakerfi kemur til framkvæmda.

Bókun um aukavaktir

Við upptöku 8 klst. vaktakerfis í ker- og steypuskála Norðuráls, skuldbindur fyrirtækið sig til að koma til móts við þá vaktavinnumenn sem sækjast eftir því að auka við föst laun sín með vinnu á aukavöktum. Svigrúm til þess verður m.a. skapað með því að seinka tímabundið nýráðningum vegna fjölgunar vakthópa úr fjórum í fimm. Þau áform kalla á gott samstarf starfsmanna og stjórnenda við mönnun vakta og kerfi sem tryggir nauðsynlega mönnun.

Að höfðu samráði við stéttarfélög starfsmanna og trúnaðarmenn kynnir Norðurál eftirfarandi áætlun:

- Norðurál skuldbindur sig fyrstu 12 mánuðina eftir upptöku 8 klst. vaktakerfis til að kaupa tvær aukavaktir af hverjum fastráðnum vaktavinnustarfsmanni á mánuði-að orlofstíma undanskildum (samtals allt að 21 vakt á ári).
- Starfsmanni sem skráir sig á 4 aukavaktir á mánuði (m.v. fullt starf þann mánuð) verður boðið að taka 2 aukavaktir þann mánuð.
- Starfsmanni sem skráir sig á 2 aukavaktir á mánuði (m.v. fullt starf þann mánuð) verður boðið að taka 1 aukavakt þann mánuð.
- Geti starfsmaður ekki þekkt boð um að mæta á aukavakt sem hann hefur skráð sig fyrir fellur skylda Norðuráls til að greiða fyrir vaktina niður.
- Starfsmönnum er heimilt að skrá sig á fleiri aukavaktir en skv. ofanskráðu en skuldbinding Norðuráls afmarkast þó við tvær vaktir á mánuði.
- Starfsmaður skráir sig mánaðarlega á aukavaktir á þeim tíma sem hann óskar að koma til vinnu skv. reglum sem Norðurál mun setja.
- Aukavaktir eru aðgengilegar frá og með kvöldvakt daginn eftir síðustu kvöldvakt og til og með dagvakt daginn fyrir fyrstu vakt næstu vaktasyrpu (sjá mynd hér neðar).
- Óski fleiri eftir að taka aukavakt á sömu vakt en hægt sé að taka við gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær.
- Fyrirtækið leitast við að bjóða starfsmanni fyrst aukavaktir í upphafi eða framhaldi af vaktasyrpu.



Neðangreind tafla sýnir vaktir í 8 klst. vaktakerfi og mögulegar vaktir sem starfsmaður getur skráð sig á:

	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3	Dagur 4	Dagur 5	Dagur 6	Dagur 7	Dagur 8	Dagur 9	Dagur 10	Dagur 11	Dagur 12	Dagur 13	Dagur 14	Dagur 15
Dagvakt	■	■					■	■	■	■	■	■			
Næturvakt		■	■				■	■	■	■		■	■		
Kvöldvakt				■	■	■	■	■	■	■				■	■

Bókun um Stóriðjuskóla Norðuráls

Stóriðjuskólinn er kenndur eftir starfstengdri námsleið sem gefin út af Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins og er á 1. og 2. hæfnisþrepi eins og þau eru skilgreind af Menntamálastofnun.

Aðilar eru sammála um að skipa sérstaka fræðslunefnd sem mun hittast a.m.k. tvisvar á ári.

Markmið nefndarinnar er:

- Að meta þörf fyrir annars vegar formlegt nám og hins vegar sí- og endurmenntun á hverjum tíma meðal starfsmanna.
- Kanna hvort framboð á fræðslu hjá fræðsluaðilum geti fallið að eða inn í grunn eða framhaldsnám Stóriðjuskóla Norðuráls.

Nefndina skulu skipa þrjár fulltrúar starfsmanna og þrjár fulltrúar fyrirtækisins.

(Handwritten signatures in blue ink)

(Handwritten initials and numbers)